



8. bekkur - námsgrein: DANSKA - kennari: Elfa Björk Ellertsdóttir - tímafjöldi: 3

Námsgögn:

- Tak les – og vinnubók eftir Ernu Jessen og Ásdísi Grétarsdóttur
- Málfræðihefti fyrir 8. 9. og 10 bekk
- Verkefni á Námsgagnastofnun
- danskt afþreyingarefni

Yfir veturinn eru lesin ævintýri á dönsku, fylgst með þáttum sem tengist unglingum – þjálfra hlustun og menningarläsi.

Hjálpargögn fyrir nemendur :

- Duolingo classroom
- Islex.is islex.dk
- Ordnet.dk
- Sproget.dk
- Taleboblén.hi.is
- Danskherognu.dk

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla: Tjáning og miðlun – Skapandi og gagnrýnin hugsun – sjálfstæði og samvinnu - Nýtingu miðla og upplýsinga – Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í meginráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*


Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms- og kennsluaðferðir	Námsmat
Hlustun	Skilið einfalt mál. Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni. Fylgst með einföldu efni myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar.	Hlustunaræfingar úr námsbókinni Tak Einnig hlustum við á dönsk lög og vísur, ásamt kvikmyndum og þáttum.	Símat
Lesskilningur	Lesið og skilið stutta texta. Fundnar upplýsingar í einföldum texta sem unnið er með í kennslustundum.	Lesskilningur æfður upp úr textum úr námsbókinni Tak ásamt ýmsum textum frá kennara.	Kaflapróf úr lesbókinni Tak
Samskipti	Spurt og svarað á einfaldan hátt. Tekið þátt í samskipta leikjum og samtalsæfingum.	Kennari talar eins mikið dönsku í kennslustundum og nemendur ráða við. Munnlegar æfingar nemenda í kennslustundum, upplestur saman eða eitt og eitt.	Hluti af munnlegri kynningu þar sem nemendur svara spurningum kennara
Frásögn og ritun	Nemendur segja frá sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt bæði munnlega eða skriflega. Flutt atriði, sagðar stuttar sögur eða lesið upp úr eigin texta sem nemandi hefur haft tækifæri til að æfa	Nemandi undirbýr og flytur æfða kynningu.	Munnleg kynning þemaverkefnis um heimilið.



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

Námshæfni	Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. að nýta sér titil eða myndtexta sem auðvelda skilning á inntaki. Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu, tekið þátt í hóp- og paravinnu.	Sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð og hópavinna	Sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð og hópavinna
-----------	--	--	--

Haustannaráætlun				
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
ágúst/september	Ýmis atriði úr dönsku rifjuð upp, tölur, dagar og annað. Nemendur læra ýmislegt er varðar heimili og húsnæði en það er viðfangsefni fyrsta kafla Tak. .	Tak lesbók bls. 4-15 Vinnubók bls. 3 – 23 Nemendur safna nýjum orðum í glósubók og læra. Málfræðiæfingar sem tengjast lesefni í Tak. Nafnorð og óákveðinn og ákveðinn greinir rifjaður upp.	Kaflapróf í lok september mánaðar	Mikil áhersla er lögð á tímavinnu í dönsku og nemendur fá tækifæri til að vinna af sér heimavinnu en það borgar sig þó að fylgjast með Mentor. Kennari skráir allt sem tengist náminu inn á Mentor, t.d. ástundun, heimavinnu, verkefnaskil, framkomu og ef námsbækur gleymast heima. Heimavinna er hluti af símati og ef engri heimavinnu er skilað dregst það frá lokaeinkunn.



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

				Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í kennslustundum og er það einnig hluti af símati.
október	Fjölskyldan er viðfangsefni október mánaðar og orðaforði tengist því.	Tak lesbók bls. 16 – 25 Tak vinnubók bls. 24 – 47 Verkefni og hlustunaræfingar sem tengjast kaflanum um fjölskylduna		Nemendur vinna hópverkefni eða tvö og tvö um fjölskylduna
nóvember	Áhugamál og tómstundir er viðfangsefni mánaðarins.	Tak lesbók bls. 26 – 37. Vinnubók bls. 50 - 71	Kaflapróf úr 2.kafla	Nemendur kynna sína áhugamál munnlega á dönsku fyrir skólafélagana sína
desember	Hvað er hetjudáð? Er heiti kafla mánaðarins. Farið yfir texta og verkefni. Einnig eru rifjaðir upp danskir jólasíðir og dönsk jólalög. Jólaföndur.	Tak lesbók bls. 38 – 48 Tak vinnubók bls. 72-93	Kaflapróf úr 3.kafla	Jólamynd og hygge

*Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.